

um frv. til laga um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Á undanförnum árum hefur því mjög verið á lofti haldið, að hér sé velferðarríki. Aðallega er það þó ríkisstjórnin og hennar þjónar, sem haldið hafa þessu fram við flest tækifæri.

Ekki lítur út fyrir, að menn leggi allir sömu mörkingu í orðið velferðarríki, en eftir okkar skilgreiningu er fjarri því, að hægt sé að gefa okkar þjóðfélagi slíka nafngift, að hér sé séð fyrir nauðpurftum hvers einstaklings á sómasamlegan hátt. Á það skal bent í þessu sambandi, að það mun vera orðið langt síðan tekjumis- munur hefur verið eins geigvænlegur og hann er nú, og má segja, að hann aukist hvern dag sem líður.

Greiðslur almannatrygginganna til aldraðra og öryrkja eru ekki í neinu samræmi við tekjur flestra þjóðfélagsþegna í dag og langt fyrir neðan þau mörk, að þær nægi til lífsframfæris. Við samanburð kaupmáttar þessara launa nú og fyrir 12 árum, kemur í ljós, að hann hefur minnkað, þrátt fyrir allt masið um velferðar- þjóðfélag og frábæra stjórn Alþýðuflokksins í þessum málum.

Þegar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði nefnd til að endurskoða lög in um almannatryggingar í maímánuði s. l., gerðu margir sér vonir um breyt- ingar í þessu efni til batnaðar. Nú er árangur þessarar endurskoðunar kominn í ljós og ber ljóst vitni þess, hvernig komið er fyrir þeim flokki, sem einu sinni taldi sig berjast fyrir tekjujöfnuði öllum flokkum fremur. Engin hækkun skal koma á þessar greiðslur fyrr en 1. janúar 1972.

Ársgreiðslur almannatrygginganna eru á þessu ári kr. 58 800.00 fyrir einstakling og kr. 105 840.00 fyrir hjón. Þetta eru þau kjör, sem stjórnarflokkarnir telja sig sæmda af til framfærslu fyrir aldraða og öryrkja.

Um næstu áramót eiga þessar greiðslur að hækka um tæpar 1000 kr. á mánuði fyrir einstakling. Menn geta svo borið þá hækkun saman við þær hækkanir, sem þá verða orðnar á launum, t. d. hjá starfsmönnum hins opinbera.

Gert er þó ráð fyrir, að þeir, sem ekki hafa aðrar tekjur en örorku- og ellilaun, fái meiri hækkun eða 84 þús. á ári fyrir einstakling og 151 þús. fyrir hjón, en þá fylgir þessari viðbótargreiðslu, að viðkomandi sveitarfélag á að greiða  $\frac{1}{2}$  af hækkuninni, og þar með er húið að setja á þessar greiðslur nokkurs konar framfærslu- stimpil.

Þessi lágmarkstekjutrygging er allt of lág miðað við kaupmátt krónunnar nú og mundi þó ofbjóða greiðslugetu margra sveitarfélaga, eins og fram kemur í um- sögn þeirra um þetta frumvarp. Því verða þessar greiðslur að koma frá ríkissjóði a. m. k. að  $\frac{1}{2}$  hlutum.

Mæðralaunin eru of lág, og einstæðir feður ættu að fá sams konar greiðslur, því að ekki eru þeir betur settir, ef þeir standa uppi með móðurlaus börn. Það er fráleit og úreilt hugsun að telja, að það sé minni fjárhagsleg röskun á högum heim- ilisins, þegar húsfreyjan fellur frá en húsbóndinn.

Við flytjum margar breytingartillögur á sérstöku þingskjali, og verða þær skýrð- ar frekar í framsögu.

Þar sem allt er í fullri óvissu, hvað við tekur fyrsta september n. k., þegar verðstöðvunartímabilinu lýkur, er ekki séð, hvaða tilgangi það mundi þjóna að af- greiða þetta frv. nú, ef haldið verður fast við það, að gildistími þess verði ekki fyrr en um næstu áramót. Fáist engin breyting á því, þykir sýnt, að það liggja til þess aðrar ástæður en umhyggja fyrir öldruðum og öryrkjum að lögfasta það nú, enda gæti svo farið, að allar tölur yrðu úreltar, áður en lög in taka gildi.

Alþingi, 3. apríl 1971.

Stefán Valgeirsson, Jónas Árnason, Jón Kjartansson.  
frsm.